

Reglugerð um Snjóbrettamót Íslands

1. Snjóbrettamót Íslands skal fara fram ár hvert nema veður og aðstæður hamli.
2. Þau aðildarfélög er vilja hafa á hendi framkvæmd mótsins skulu senda umsókn til SKÍ fyrir 15 apríl. Umsókninni skal fylgja áætlun um framkvæmd mótsins, aðstöðu keppenda og gesta. Mótsstaður fyrir Snjóbrettamót Íslands skal ákveðinn á Skíðapingi tvö ár fram í tímann. Mótshaldari skal þá þegar skipa mótsstjórn sem kynnir undirbúning, dagsetningu og dagskrá á næsta Skíðapingi.
3. Mótshaldara ber að senda öllum aðildarfélögum SKÍ boð um þátttöku ásamt upplýsingum um framkvæmd mótsins. Auglýsa skal mótið samkvæmt móta og keppnisreglum ÍSÍ.
4. Eftirlitsmaður á mótið er skipaður af FIS en SKÍ útnefni þriggja manna dómnefnd.
5. Innheimt eru keppnisgjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern keppanda í hverri grein og eru þau ekki afturkræf ef hann er á ráslista.
6. Keppa skal í eftirtöldum greinum og flokkum:

Snjóbretti				
SS	U13	U15	U17	Fullorðinsflokkur
BA	U13	U15	U17	Fullorðinsflokkur

7. Að öðru leyti gilda hinnar almennu reglur FIS um snjóbrettamót.

Samþykkt á Skíðapingi, 13.maí 2017